

Fundur í umhverfisnefnd

21. september 2018, kl. 8:55 í miðrymi á 2. hæð.

Mættir: Guðrún Ása, Guðrún Anna, Jóna Björg, Hilmi Dreki og Guðbjörg leikskóli, Þórhildur Salka 1. bekk, Lea Guðrún Aya 2. bekk, Tristan Fritz 3. bekk, Kolbrún 4. bekk, Matthías 6. bekk, Vala 8. bekk, Margrét 9. bekk, Daníel 10. bekk, Sirrý fyrir hönd starfsmanna, Anika fyrir hönd foreldra.

Viðfangsefni vetrarins:

- Kynning á nýrri nefnd.
- Rætt um það sem við gerðum í fyrra vetur. Þá valdi umhverfisnefndin lýðheilsu og neyslu og úrgang sem þemu. Það þarf svo að velja nýtt þema sem byrjar um áramótin, nemendur þurfa að velja þema saman?
- Kynna þá flokka sem er í boði að vinna.
- **Lýðheilsa**
 - Lýður er hópur af fólki og heilsa er bæði hvernig manni líður í líkamanum og í huganum.
 - Kynna þetta fyrir bekkjunum sínum og þau velja það sem þeim finnst áhugaverðast sem nýtt þema
- **Verkefni eftir mánuðum**
 - Plastlaus september
 - Forðumst matarsóun í október (viktun)
 - Notað og endurnýtt í nóvember

Hlutverk fulltrúa í umhverfisnefnd

- **Umhverfissáttmálar**
 - Eiga að hanga í öllum stofum þangað til þeir fara upp á gangi
 - Fara yfir með hópnum sínum
- **Gátlistar**
 - Farið yfir hlutverk nefndarmanna
 - Sýna gátlista sem er sérstaklega fyrir leikskóladeildina.

- Bekkjarfulltrúar fá gátlista með sér inn í bekk, sem þarf að lesa upp og kynna fyrir öllum í bekknum þeirra. Fá tíma hjá umsjónarkenna til að lesa þetta upp.

- **Umhverfisnefndarfundir**

- Verða alltaf á föstudögum
- Fundur annan hvern mánuð að minnsta kosti, oftar ef þarf.